

Fundargerð fundar FORMA 5.3.2015 kl. 17:00

Mættir: Ester Stefánsdóttir, Herdís Zophoníasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Ragnheiður Halldórsdóttir og Þuríður S. Árnadóttir.

1. Herdís fór yfir stöðu mála varðandi samráðshóp nemendafélagsins og foreldrafélagsins. Fyrsti fundur hópsins verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 16:00. Fulltrúar FORMA í samráðshópnum verða Jón Stefán Stefán Baldursson, Ester Stefánsdóttir og Ragnheiður Halldórsdóttir.
2. Herdís kynnti niðurstöður prófa haustannar. Heilt yfir koma þau vel út en þó vekur athygli 43% fall í eðlisfræði í þriðja bekk. Foreldrafélagið mun óska eftir skýringum frá skólameistara á þessu mikla falli og jafnframt upplýsingum um framkvæmd á innra og ytra mati skólans.
3. Kynningu á niðurstöðum viðhorfakönnunar vegna Hólavatsferðar fyrsta árs nema frestað til næsta fundar.
4. Rætt um fræðslu fyrir foreldra/nemendur. Áætlunum um að vera með fræðslu í febrúar var frestað vegna stofnunar samráðshóps með nemendafélaginu. Framhald málsins verður ákveðið í samráðshópi nemendafélagsins og FORMA.
5. Næsti fundur FORMA verður haldinn 26. mars kl. 17:00. Staðsetning verður tilkynnt þegar nær dregur.

Fundarritari: Ester Stefánsdóttir